

H3 fundur um frágang við Brunná og Eyjafjarðará

Brunná endurgerð þröskulds og Eyjafjarðará frágangur botns eftir lagningu H3 undir árfarveginn

Dagsetning:

Fundur haldinn hjá UMSA 4-hæð kl. 08:20 – 09:15

17.03.2022

Fundinn sátu: Rut UMSA, Jón Birgir UMSA, Gunnfríður Óshólmanefnd, Ólafur Óshólmanefnd, Hjördís Isavia/Óshólmanefnd, Emilía Óshólmanefnd, Pétur Skipulagsdeild, Ævar Verkís, Friðrika Landsnet, Tómas UMSA/Skipulagsdeild og ritaði einnig fundargerð

-
1. Friðrika fór yfir hvernig Landsnet mun láta ganga frá þröskuldi í Brunná en það verður gert með þeim hætti sem var hannaður þegar flugvöllur var lengdur (2009) og Brunnáin var færð til og það byggði á framkvæmdaleyfi á sínum tíma. Verktaki Landsnets mun fara í það verkefni í vikunni, eftirlit mun mæla inn hæð á þröskuldi og taka út verkið og senda upplýsingar um það til Akureyrarbæjar.
 2. Friðrika fór yfir þveranir H3 lagnar undir Eyjafjarðará en það er lítið hægt að skoða á þessum árstíma en verður gert um leið og aðstæður leyfa. En það gerðist í Vesturkvisl að nyrðra strengsettið var sett þykkt sinni of ofarlega miðað við hönnun. Sú þverun er þó hluti af eldra framkvæmdaleyfi frá árinu 2019. Landsnet mun fara yfir þetta með sínum hönnuðum og útbúa minnisblað og fara yfir stöðuna þegar það liggur fyrir með hlutaðeigandi aðilum.
 3. Önnur mál, Ólafur fjallaði um það sem þyrfti að laga á svæðinu og nefndi sérstaklega að lofordin um viðskilnað eftir flugbrautarlenginguna virtust ekki hafa skilað sér inn í framkvæmdaleyfi, þ.e. framkvæmdaleyfi flugbrautarlengingarinnar virtist vera ófullnægjandi þegar kom að ákvæðum um frágang. Teikningin fyrir þröskuldinn sem sýndi uppskriftina að því

hvernig vatnsstaða svæðisins yrði ákvörðuð var ekki með neinar tilvísanir til fyrri stöðu svo ómögulegt var að sjá á teikningunni hvort hæð þröskuldans í nýja Brunnárfarveginum myndi verða til þess að svæðið sunnan flugbrautar héldi óbreyttri vatnsstöðu eins og lofað var í aðdraganda flugbrautarlengingarinnar. Ólafur nefndi einnig að frágangur á strenglögnum í botni vesturkvíslar Eyjafjarðará geti haft á áhrif á álag mikilla vorleysinga á flugvöllinn og benti á að hækkun vegarins sunnan flugbrautarendans geti hjálpað til við að verja flugbrautina í mestu vatnavöxtunum. Emilía vill að málið verði skoðað af Akureyrarbæ.

4. Einnig var rætt um tímasetningar á frágangi á svæðinu en það kom fram að sá frágangur verður ekki unnin á varptíma. Ekki hægt að byrja strax á verkinu – hægt þegar frost fer úr jörðu.